

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 237/2018

2021/EES/62/16

frá 5. desember 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,  
staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/520 frá 28. mars 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til að flokka efnið leysinafta, létt arómatískt, með tilliti til hámarksgildis leifa <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/523 frá 28. mars 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til að flokka efnið flúasúron með tilliti til hámarksgildis leifa <sup>(2)</sup>.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við 13. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32018 R 0520:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/520 frá 28. mars 2018 (Stjttíð. ESB L 87, 3.4.2018, bls. 9),
- **32018 R 0523:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/523 frá 28. mars 2018 (Stjttíð. ESB L 88, 4.4.2018, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 2018/520 og (ESB) nr. 2018/523, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. desember 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Oda Helen Sletnes**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 87, 3.4.2018, bls. 9.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. ESB L 88, 4.4.2018, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.